

Væntingar kvenna með sögu um vímuefnavanda til meðgönguverndar –

Eigindleg rannsókn

Valgerður Lísa Sigurðardóttir, sérfræðiljósmóðir

Anika Noack, hjúkrunarfræðingur

Bakgrunnur: Barnshafandi konur með vímuefnavanda standa frammi fyrir tvenns konar áskorunum þar sem þær þurfa að undirbúa sig fyrir nýtt hlutverk sem foreldri en á sama tíma að takast á við vímuefnavandann og afleiðingar hans. Einstaklingar með vímuefnavanda hafa oft sögu um áföll á lífsleiðinni og eru oftast en ekki með ýmis konar heilsufarslegan og félagslegan vanda sem mikilvægt er að vinna með strax í upphafi meðgöngu. Í meðgönguvernd er lagður grunnur að velferð móður og barns m.a. með fræðslu, skimunum, stuðningi og eftirliti með heilsu. Í rannsóknum hefur hins vegar komið fram að ýmsar hindranir virðast vera fyrir að konur með vímuefnavanda sækji meðgönguvernd m.a. vegna upplifunar á fordómum - þrátt fyrir að fagfólki finnist það mæta þeim af virðingu og samkennd. Mikilvægt er því að efla þekkingu fagaðila á væntingum þessa hóps til meðgönguverndar. Með því að hlusta á raddir kvennanna er betur hægt að sníða barneignarþjónustuna að þeirra þörfum og auka líkur á að þær sækji meðgönguvernd.

Markmið og tilgangur: Að kanna væntingar barnshafandi kvenna með vímuefnavanda til meðgönguverndar. Tilgangur rannsóknar er að nýta niðurstöður til að aðlaga meðgönguvernd að þörfum þeirra, auka aðgengi og ánægju með meðgönguvernd og stuðla þannig að betri heilsu þeirra og ófædda barns þeirra.

Aðferð: Rannsóknin er eigindleg. Tekin verða hálfstöðluð viðtöl við sex til tólf konur sem hefur verið vísað í áhættumeðgönguvernd Landspítala vegna vímuefnavanda og er um tilgangsráttak að ræða. Ígrunduð þemagreining verður notuð til gagnagreiningar.

Vísindalegt gildi: Fáar rannsóknar hafa birst um hvort eða hvernig meðgönguvernd mætir þörfum barnshafandi kvenna með vímuefnavanda og engar rannsóknir hafa verið gerðar hérlendis á viðfangsefninu. Því eru miklar líkur á birtingu niðurstaðna í alþjóðlegu vísindatímariti. Einnig verða niðurstöður nýttar til þróunar meðgönguverndar til að mæta þörfum hópsins og undirbyggja frekari rannsóknarverkefni á þessu sviði